

Nd.

71. Frumvarp til laga

[65. mál]

um breyting á lögum nr. 87 24. des. 1971, um orlof.

Flm.: Pétur Sigurðsson.

1. gr.

Á eftir 2. mgr. 4. gr. laganna komi ný mgr., sem orðist svo.
Skólafólki, sem stundar nám við viðurkennda skóla, er þó heimilt að taka allt orlof sitt utan orlofstímabilsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fyrir nokkru leituðu allmargir nemendur Stýrimannaskólans í Reykjavík til Sjómannafélags Reykjavíkur og báðu um ráðleggingar og hjálp, eftir að hafa fengið þau svör hjá framkvæmdaaðila orlofslaganna (Pósti og síma), að ekki væri hægt að verða við óskum þeirra um greiðslu áunnins orlofsfjár á tímabilinu frá 16. september til 1. maí.

Sjómannafélag Reykjavíkur hefur óskað eftir því við mig að flytja frv. þetta. Í hinni nýju löggjöf um orlof, sem hér er gerð till. um. að breyting verði gerð á, og í reglugerð um orlof (nr. 150 21. júní 1972) eru engin sérstök ákvæði um skólafólk.

Þegar þess er gætt, að vinnuafli þessa fólks, bæði stúlkna og pilta, hefur um langt árabíl verið þýðingarmikil driffjöður allra helstu framleiðsluatvinnuvega þjóðarinnar, virðist hér um yfirsjón að ræða. Ekki ætla ég að ásaka höfunda frv. þar um, miklu frekar okkur alþingismenn, sem höfðum frv. til meðferðar í báðum deildum Alþingis.

Minnast verður þess, að auk lengingar orlofs var eitt meginsjónarmið haft í huga við undirbúning þessarar lagasetningar, það, að með allt of löngum raunverulegum vinnudegi verkafólks og auknu vinnuálagi væri reynt að sjá fyrir því, að verkafólk, sem bæði fengi greitt orlofsfé og hefði réttinn til að taka sér frí, neytti þessa réttar á orlofstímabilinu, sjálfu sér og sínum til hvíldar, hressingar og endurnæringar.

Í ljósi þessa er þegar ljóst, að orlofshagsmunir skólafólks og þeirra, sem vinna hörðum höndum árið um kring, fara ekki saman. Flm. hefur þegar minnst á Stýrimannaskólann. Nemendur þessa skóla og Vélskóla Íslands voru a. m. k. til skamms tíma með nokkru hærri meðalaldur en nemendur flestra annarra sambærilegra sérskóla. Stafar þetta m. a. af því, að þegar skyldunámi lýkur, þurfa þeir að stunda sitt verklega nám á skipi, sem þeir eru lögskráðir á, og þurfa stýrimannaskólanemar a. m. k. nær tveggja ára siglingatíma til þess að komast inn í skólann. Og láir þeim enginn, þótt margi þeirra hafi hent, eins og margan nemanda svokallaðra æðri skóla, að hafa þá fest ráð sitt og stofnað til heimilis.

Þessir nemendur hafa þrjá og hálfan til fjóra mánuði á milli bekkja til að afla sér framfærslueyris. Þessum mönnum er allt annað í huga þennan stutta ársvinnutíma en að fara í frí. Þeir koma af skólabekk til erfiðrar vinnu á skipum flotans og koma þaðan hressir og endurnærðir eftir þennan stutta tíma til framhaldsvinnu við sitt sérskólanám.

Flm. telur ljóst vera, að skv. lögunum geta þessir menn fengið sitt orlofsfé greitt að ári. á næsta orlofstímabili, án þess að rýra tekjumöguleika sína. En þetta verður að gerast með því að sækja óskylda vinnu. En þetta er ekki aðeins óhagkvæmt fyrir þá nemendur, sem þurfa á öllu fé sínu að halda til sinnar framfærslu yfir vetrarmánuðina. heldur einnig fyrir þjóðarbúið í heild. Um er að ræða sérhæfða menn, sem eru þeirri atvinnugrein, sem þeir starfa í, ákaflega þýðingarmiklir, sér-

staklega yfir orlofstímann, þegar þeir leysa af yfir- og undirmenn, svo að þeir nái því orlofi, sem þeim ber skv. lögum og þeim er nauðsynlegt.

Benda má á hættuna á því, að þeir flendist í landvinnu og verði því ekki til aðstoðar við lausn svokallaðs „undanþáguvandamáls,“ sem ítarlega hefur verið rætt innan þings og utan undanfarin ár.

En gagnvart þeim sjálfum er líka um óréttlæti að ræða, þurfi þeir að fara þessa leið, og eykur einnig á framangreint undanþáguvandamál. Flestir þeirra nota þennan tíma milli bekkja til þess að ljúka sínu verklega námi, ná í fullan siglingatíma, svo að atvinnuréttindum skipstjórnarmanna verði náð hið fyrsta. Engin ástæða er til að leggja stein í götu þeirra til að svo geti orðið.

Flm. þessa frv. er samþykktur þeirri stefnu, sem fram kemur í hinum nýju orlofslögum, að með þeim þurfi að heita óbeinum aðgerðum, svo að sá mikli fjöldi launþega, sem vinnur of langan vinnutíma, fái notið í raun síns orlofs.

Stytting vinnutímans verður ekki raunveruleg með lagasetningunni einni, ef saman fer nær ótakmarkaður möguleiki til hlutfallslegrar lengingar yfirvinnutímans.

Varaformaður verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík upplýsti fyrir skömmu, að stúdentar, sem nám stunda við Háskóla Íslands, hefðu tæplega sést á hinum almenna vinnumarkaði verkamanna á Reykjavíkursvæðinu hin síðari ár.

Í þessu felst mikill sannleikur. Eiga þar sérstaklega hlut að máli stúdentar, sem telja sína helgustu skyldu að styðja byltingu verkalýðsins gegn ríkjandi þjóðskipulagi.

Þó ber að hafa í huga, að stærri hluti stúdenta vinnur hörðum höndum, svo lengi sem skólaleyfi og lestur námsefnis leyfir. Vill flm. t. d. benda á fjölda þeirra námsmanna, sem vinna árlega hjá fyrirtækinu Hval h.f. Eigendur þessa fyrirtækis hafa um langt árabíl lagt sig í líma við að hjálpa fátækum námsmönnum um tekju-drjúga sumarvinnu hjá vinnslustöð þeirra, svo að námi yrði áfram haldið. Og er fyrirtæki þetta ekki einsdæmi í þessu tilliti.

Loks vill flm. benda á, að aldur þess skólafólks, sem við framleiðslustörfin starfar, hefur farið mjög lækkandi hin síðari ár. Koma nú þar við sögu bæði nemendur menntaskóla og gagnfræðaskóla. Samhliða þessari þróun er ánægjulegt að veita því athygli, að stúlkur gera sig nú ekki síður gildandi við þessi störf en piltar.

Það skólafólk, sem hér hefur verið minnst á, ásamt öðru, sem öðlast rétt til orlofsgreiðslna vegna vinnu sinnar, mun njóta góðs af, ef frv. þetta verður að lögum.

Í 1. gr. frv. er getið um „viðurkennda skóla“. Þá á flm. við sérskóla, svo sem stýrimanna, vélstjóra, matsveina, — einnig gagnfræðaskóla, menntaskóla, háskóla, húsmæðraskóla, bændaskóla og verslunarskóla, en ekki bréfaskóla eða kvöldskóla.